

S T E F N A

Guttmundur L. Johannessen
~~Nær-Pétursson~~, héraðsdómari.

GJÖRIR KUNNUGT: Mér hefur tjáð Björgvin Þorsteinsson, hdl., Lágmúla 7, Reykjavík að hann þurfi að höfða mál fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar f.h. Alberts Leónardssonar, nnr. 0188-3054, Aðalbraut 46, Raufarhafnarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu og Fiskavíkur h.f., nnr. 2342-8199, Raufarhafnarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu á hendur Hildi Jónsdóttur, nnr. 4103-0720, Eiðistorgi 7, Seltjarnarnesi, Íris Daniélsdóttur, nnr. 4812-0571, Mávahlíð 7, Reykjavík, Úlfari Daniélsyni, nnr. 8961-1911, Skólabraut 1, Hafnarfirði og Jóni Hauk Daniélsyni, nnr. 5121-0301, með óþekktu heimilisfangi í Danmörku, in solidum til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 594.019,21 auk 37% ársvaxta frá 18. maí 1982 til 1. nóvember 1982, 45% ársvaxta frá þ.d. til 21. september 1983, 37% ársvaxta frá þ.d. til 21. október 1983, 36% ársvaxta frá þ.d. til 21. nóvember 1983, 32% ársvaxta frá þ.d. til 21. desember 1983, 25% ársvaxta frá þ.d. til 21. janúar 1984, 19% ársvaxta frá þ.d. til 13. ágúst 1984, 24% ársvaxta frá þ.d. til 27. ágúst 1984, 25% ársvaxta frá þ.d. til 18. september 1984, 25,5% ársvaxta frá þ.d. til 11. október 1984, 26% ársvaxta frá þ.d. til 25. október 1984, 27,5% ársvaxta frá þ.d. til 1. janúar 1985, 35% ársvaxta frá þ.d. til 21. janúar 1985, 37% ársvaxta frá þ.d. til 11. maí 1985, 35% ársvaxta frá þ.d. til 21. ágúst 1985, 36% ársvaxta frá þ.d. til 21. nóv. 1985, 39% ársvaxta frá þ.d. til stefnubirtingardags, en með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum (dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979) frá þ.d. til greiðsludags. Vextir verði reiknaðir þannig að áföllnum vöxtum verði bæt við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 31. desember 1982. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, allt að frádregnum kr. 82.028,11 sem greiddar voru þann 5. júlí 1982.

Stefnendur kveða málavexti vera þá að með samningi dags. 10. mars 1982 hafi þeir keypt vélbátinn Kóp VE 11 af dánarbúi Daniels Traustasonar, nnr. 1573-5643, Vestmannaeyjum. Samkvæmt samningnum hafi báturinn verið seldur með rá og reiða, vél og búnaði öllum sem þá var í bátnum, öllum reknetabúnaði er bátnum tilheyrði, þ.e., reknetum, síldarhristara, belgjum, kastblökk og rúllu auk annars, sem notað hafi verið af útgerð bátsins við reknetaveiðar, ennfremur með þorskanetum, baujum, drekum og færum þeim tilheyrandi er notað hafði verið við netaútgerð bátsins áðurgengið netaúthald og til var, ennfremur með 2 humartrollum notuðum og togvírur, ennfremur með línustömpum, tilheyrandi útgerðinni, 2 toghlerum og 2 fisktrollum allt fyrir kr. 2.500.000,-.

Samkvæmt samningnum var báturinn seldur með gildandi haf-færisskírteini en stefnendur máls þessa vissu að slíf vantaði í ljósavél en kveða stefndu hafa lofað að senda hana þegar hún kæmi en hún hafði þá verið pöntuð. Stefnendur segja að samkvæmt samningnum hafi stefndu ábyrgst í viku eftir að báturinn léti úr höfn í Vestmannaeyjum að aðalvél skipsins væri í lagi eftir viðgerð af völdum frostskenmda. Stefnendur kveða bátinn hafa verið í höfn í Vestmannaeyjum þegar hann var skoðaður. Stefnendur segja að er skipið hafði verið á leið austur fyrir land frá Vestmannaeyjum hafi komið í ljós leki á skipinu og eins gallar bæði á aðalvél og ljósavél. Hafi skipið komist við illan leik til Akureyrar þar sem það var tekið á land. Þar hafi skipastöðunarmaður gert athugasemdir í 21 lið og lagt blátt bann við að skipið færi á flot nema úr yrði bætt. Jafnframt hafi þurft að skipta um ljósavél og lagfæra aðalvél vegna galla. Línu-stampar sem fylgja áttu voru aldrei afhentir. Stefnendur segjast krefjast þess að stefndu bæti þeim allt það tjón sem þeir hafi orðið fyrir vegna galla þessara og sundurliðast krafa þeirra á eftirfarandi hátt:

1. Reikningur Slippstöðvarinnar h.f. á Akureyri vegna viðgerða..... kr. 222.889,21
2. Reikningur frá Birni og Halldóri h.f. vegna vélaviðgerða..... " 73.017,50

3.	Reikningur frá Velti h.f. v/ljósavélar, öxuls o.fl..... "	48.112,50
4.	Aflatap línustampar og annar kostn.... "	250.000,00
	Alls kr.	594.019,21

Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja greiddi inn á kröfu Slippstöðvarinnar h.f. þann 5. júlí 1982 kr. 82.028,11.

Stefnendur kveða stefndu hafa fengið leyfi til einkaskipta á dánarbúi Daniels Traustasonar og hafi skiptum verið lokið þann 30.11.1983. Hafi stefndu ekki sinnt ítrekuðum áskorunum um greiðslu skaðabóta vegna framangreinds tjóns og því sé málshöfðun þessi nauðsynleg.

Stefnendur kveðast reisa kröfur sínar í málinu á því að á skipinu og útbúnaði þess hafi verið margir leyndir gallar sem stefndu beri ábyrgð á. Hafi skipið í raun ekki verið haffært en átt að vera svo samkvæmt samningnum. Beri þeim því að greiða allan kostnað við að koma skipinu í haffært ástand. Tjón vegna aflataps og annan afleiddan kostnað beri stefndu að bæta þar sem tjón þetta sé afleiðing vanefnda þeirra á kaupsamningnum. Byggja stefnendur því kröfur sínar á almennum reglum kröfuréttar, almennu skaðabótareglunni og löggjöfnun frá 42. gr. 1. nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Stefnendur kveðast munu leggja fram við þingfestingu málsins til sönnunar kröfum sínum: kaupsamning, skoðunarskýrslur skipaskoðunarmanna, reikninga frá Slippstöðinni h.f., Velti h.f. og Birni og Halldóri h.f., útreikninga vegna aflatjóns auk bréfa.

Fyrir því stefnist hér með Hildi Jónsdóttur, nnr. 4103-0720, Eiðistorgi 7, Seltjarnarnesi, Íris Danielsdóttur, nnr. 4812-0571, Mávahlíð 7, Reykjavík, Úlfari Danielssyni, nnr. 8961-1911, Skólabraut 1, Hafnarfirði og Jóni Hauk Danielssyni, nnr. 5121-0301, með óþekktu heimilisfangi í Danmörku til þess að mæta er mál þetta verður þingfest á bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem háð verður í dómsalnum að Strandgötu 31, Hafnarfirði þriðjudaginn, maí 1986 kl. 14:00 síðdegis,

til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð,
hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og leggja
fram gögn af sinni hálfu. Að öðru kosti má búast við að
útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst þrjú sólarhringar.

Hafnarfirði, 7. mars 1986

Már Pétursson

Már Pétursson, aðstoðsdómari

